

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2015, mánudaginn 19. október kl. 15:30, var haldinn 133. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í nýju húsnæði Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Sandra Berg Cepero (formaður í fjarveru Heiðars Inga), Diljá Ámundadóttir, Kristín Elfa Guðnadóttir, Björn Jón Bragason og Sigurður Þórðarson áheyrnafulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir frá Íbúasamtökum Laugardals, Eyrún Magnúsdóttir frá Ungmennaráði Laugardals, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnastjóri þekkingarmiðstöðvar á PLH sem ritaði fundargerð. Gestur fundarins undir 5. lið er Hjördís Sigurðardóttir.

Þetta gerðist:

- 1) Heiðar Ingi Svansson formaður hverfisráðs er í veikindaleyfi til 1. des. Sandra Berg Cepero varaformaður gegnir embætti formanns í fjarveru Heiðars Inga. Diljá Ámundadóttir varamaður Heiðars Inga tekur sæti í ráðinu.
- 2) Staða mála varðandi Sigtún 38 og 40. Rætt um íbúafund sem haldinn var 13. okt. Eftirfarandi bókun samþykkt.

Hverfisráð óskar eftir að fá upplýsingar um hvenær umbeðin skýrsla um skólamál muni berast ráðinu.

Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir upplýsingum um stöðu mála fyrir næsta fund ráðsins.

- 3) Umsögn hverfisráðs um eflingu hverfisráða og hverfisþjónustu samþykkt.

Afar brýnt er að skilgreina hlutverk og tilgang hverfisráða betur og tryggja þeim aukið fjármagn og regluverk til að þau geti sinnt því. Mikilvægt er að hverfisráðin sinni því hlutverki sem þeim er ætlað en það gera þau ekki nú. Það er: Að vinna að stefnumótun fyrir það sem undir verksvið þeirra heyrir, með tillögum til borgarráðs, vinnu að samræmingu á þjónustu borgarstofnana í einstökum hverfum, með því að vera virkir þátttakendur í allri stefnumörkun hverfa, vera ráðgefandi fyrir starfsemi þjónustumiðstöðva í hverfum og með því að stuðla að eflingu félagsauðs í hverfum. Við teljum að auka eigi vægi ráðanna í stjórnsýslu borgarinnar og tengja þau með formlegri hætti við hana. Þannig þarf að formfesta aðkomu hverfisráða að tilteknum nærsamfélagsmálum mun betur þannig að aðkoma þeirra sé ekki valkostur eða geðþóttaákvörðun viðkomandi fagsviða. Nú starfa hverfisráð í umboði borgarráðs í nánú samráði við þjónustumiðstöðvar sem heyra undir velferðarsvið. Þessu skipulagi mætti breyta og til þess að tryggja aukna aðkomu hverfisráða og vægi þvert á öll fagsvið þá myndi það í því tilviki ekki ganga að þjónustumiðstöðvar heyrir áfram undir velferðarsvið. Annar möguleiki væri sá að hverfisráðin myndu ekki starfa í þessu nánú samstarfi við þjónustumiðstöðvarnar og að fjöldi þeirra væri óháður fjölda miðstöðvanna. Það er okkar skoðun að skipun hverfisráða eigi að endurspegla vilja ráðandi meirihluta á hverjum tíma. Þannig myndi meirihluti hverfisráðs starfa áfram í umboði borgarráðs, þ.e.a.s. þrír fulltrúar, en annar hinna tveggja fulltrúanna gæti til dæmis komið frá íbúasamtökum og hinn frá viðkomandi þjónustumiðstöð. Við höfnum ekki þeirri hugmynd að kjósa einn eða jafnvel tvo fulltrúa með beinni kosningu íbúa í viðkomandi hverfi. Einnig má hugsa sér að fjölga fulltrúum í hverfisráðum úr 5 í 7 en þannig að borgarráð skipi alltaf meirihluta fulltrúa. Við teljum að ekki eigi að skilyrða að hverfisráðin skuli vera skipuð borgarfulltrúum. Einnig, að borgarráð geti áfram skipað þá fulltrúa sem að það kys og að mikilvægt sé að þau séu skipuð fólki sem hafi búsetu eða sterka tengingu við viðkomandi hverfi. Við teljum umræðuna um það hversu mörg hverfisráðin eigi að vera ekki tímabæra. Fyrst verður að skilgreina tilgang þeirra og hlutverk áður en slík umræða á sér stað. Að lokum

óskum við eftir því að samræðan verði opnuð enn frekar og óskað eftir hugmyndum og ábendingum um framtíðarskipulag hverfisráða inni á www.betriereykjavik.is

Björn Jón Bragason situr hjá

- 4) Fyrirhugaður íbúafundur fimmtudaginn 5. nóvember kl. 19.30 -21.30 um skýrslu stýrihóps um leiðakerfisbreytingar vegna alhliða samgöngumiðstöðvar á U-reit. Stofnaður var undirbúningshópur sem vinnur að því að skipuleggja fund í félagsheimili Þróttar í Laugardal. Tillaga að frummælendum: Þorsteinn Hermannsson samgönguverkfræðingur, aðili úr stýrhópnum eða umhverfis – og skipulagsráði og Lilja Sigrún Jónsdóttir frá ÍL. Hverfisráð hefur kallað eftir umsögnum frá ungmennaráði og notendaráðum félagsmiðstöðva í hverfinu. Mikilvægt að auglýsa fundinn vel.
 - Kl. 16.22 Hjördís Sigurðardóttir kemur á fundinn.
- 5) Hjördís Sigurðardóttir kynnir verkefnið Biodome Reykjavík en fyrirtæki hennar, Spor í sandinn, stefnir að því að reisa fjórar gróðurhvelvingar til hliðar við Laugardalslaug. Sundlaugin og gróðurhvelvingarnar munu þá mynda sjálfbæran klasa þar sem mannauðurinn og náttúran er lykilþáttur.
 - Kristín Elfa Guðnadóttir víkur af fundi kl. 16.40.

Fundi slitið kl. 17:00

Sandra Berg Cepero (Sign)

Diljá Ámundadóttir (Sign)
Björn Jón Bragason (Sign)

Kristín Elfa Guðnadóttir (Sign)